

Árni Kristjánsson frá Lóni

Hinn 9. febr. ljest á Akureyri Árni Kristjánsson frá Lóni, tæplega níuæður að aldri.

Hann var fæddur 25. ág. 1852 að Ærlækjarseli í Öxarfirði. Faðir hans var Kristján hreppstjóri Árnason umboðsmanns, Þórðarsonar, Pálssonar frá Kjarna í Eyjafirði; móðir Kristjáns var Jóhanna, dóttir Skíða-Gunnars, er bjó í Reykjadal og margt manna er frá komið á Austurlandi. — Móðir Árna var Sigurveig Guðmundsdóttir, Árnasonar bónda í Ærlækjarseli, og konu hans Ólafar Sveinsdóttur Guðmundssonar bónda á Hallbjarnarstöðum á Tjörnesi, sem varð kynsall maður.

Árni ólst upp hjá foreldrum sínum í Ærlækjarseli og var hjá þeim þar til vorið 1870 að hann varð skrifari hjá Lárusi háyfirdómara Sveinbjörnsson, er þá var sýslumaður Þingeyinga og bjó á Húsavík. Var Árni þar í 2 ár. Á þeim árum fæddist Guðmundur Sveinbjörnsson skrifstofustjóri, og var Árni skírnarvottur hans.

Vorið 1872 kvæntist Árni Önnu dóttur síra Hjörleifs Guttormssonar, sem síðast var prestur að Völlum í Svarfaðardal, og fóru þau þá að búa á þriðjungnum af Ærlækjarseli. Þaðan fluttust þau 1875 að Lóni í Kelduhverfi og bjuggu þar til 1907 að þau fóru að Þórunnarseli og bjuggu þar á móti Guðmundi syni sínum fram til ársins 1919 að þau fluttust til Akureyrar og voru þar til æviloka. Anna dó 4. mars 1921.

Það mun hafa verið ætlan foreldra Árna, að láta hann ganga mentaveg og verða prest. Þess vegna var honum komið 16 ára gömlum til síra Gunnars Gunnarssonar, sem þá var aðstoðarprestur á Sauðanesi og var hann þar við nám í 12 vikur. Lengri varð skólagangan eigi, en mentunar aflaði hann sjer sjálfur, og varð „óefað sá rit- og reikningsferasti maður óskólagenginn í Norður-Þingeyjarsýslu“, eins og segir í grein um hann í „Óðni“. Hann þurfti líka á því að halda, því að mörg trúnaðarstörf voru honum falin um ævina. Árið 1879 var hann kosinn í hreppsnefnd og árinu eftir hreppstjóri í Kelduneshreppi og gegngdi því starfi á meðan hann var í Kelduhverfi. Þá var hann og kosinn sýslunefndarmaður og gengdi því starfi jafn lengi. Amtsráðsmaður var hann frá 1893 og þar til það starf var lagt niður. Hann sat og löngum í sáttanefnd og sóknarnefnd. Ennfremur átti hann sæti í yfirskattanefnd, og skipaður í Landsdóm, þegar hann var stofnaður. Endurskoðandi sveita og sýslureikninga var hann langa lengi. Hann var einn af stofnendum Kaupfélags Þingeyinga fyrir 60 árum, og ennfremur Kaupfélags Norður-Þingeyinga. Var hann endurskoðandi þess fjelags frá stofnun þess, þar til hann varð sölu- og framkvæmdastjóri þess 1909 og hjelt því starfi um 10 ára skeið. Rækti hann öll þessi störf af dugnaði og samviskusemi. Seinustu 22 árin, eða frá því að



hann fluttist til Akureyrar og fram til dauðadags, var hann bókhaldari við verslun Kristjáns sonar síns.

Árni var sannkallaður sveitarhöfðingi og sýndist öllum að hlíta ráðum hans í hvívetna. Hann var glæsímenni í framgöngu, kurteis jafnt við háa og lága, og framúrskarandi dagfarsgóður á heimili. Höfðingi var hann heim að sækja, og manna ræðnastur og glaðværustur við gesti sína. Hverjum manni var hann hjálpsamari og leysti hvers manns vandræði.

Hann var fjölhæfur að gáfum, og honum ljek alt í höndum, því að hverjum manni var hann verklagnari. Hann var afburða sjó-

maður og skytta, vefari og sláttumaður, og smiður góður. Skrifari var hann með afbrigðum, og gaf fjölda barna forskriftabækur. Kennir enn áhrifa hans á skrift margra þar norður frá.

Hann var bókhneigður og las feikna mikið um dagana. Var hann mjög hlyntur mentun alþýðu, og er það eitt dæmi þess, að þegar er hann var orðinn forráðamaður sveitar sinnar, rjeði hann þangað Guðmund Hjaltason til að hafa á hendi barnafræðslu og var Guðmundur kennari þar í mörg ár. Voru Keldhverfingar því á undan mörgum öðrum í þeim efnum.

Árni var maður fríður sýnum og höfðinglegur fram á elliár. Var hann alla ævi heilsuhaustur og kendi sjer vart meins fyr en nokkrum dögum áður en hann dó. Og óskertum gáfum og minni hjelt hann til síðustu stundar. Má alveg sjá það á mynd þeirri, er hjer birtist, og tekin var af honum skömmu áður en hann dó.

Tveir synir hans eru á lífi, Guðmundur póstur og Kristján kaupmaður, báðir á Akureyri.

Það er gott að ganga til hvílu eftir langan og viðburðaríkan starfsdag, og skilja eftir orðstír, sem aldrei deyr. Svo er um Árna frá Lóni.

Frændi.

Ágúst Th. Blöndal

A síðastliðnum vetri andaðist Ágúst Th. Blöndal, sýsluskrifari á Seyðisfirði, nálæga sjötugur að aldri.

Sýsluskrifarastarfið er fjölbreytt og mikilsvarðandi starf í þjóðfélagi yoru. Þarf góða hæfileika til þess að leysa það verulega vel af hendi. Annarsvegum að inna af hendi vandasöm verk fyrir yfirmenn sína og hinsvegar að greiða fyrir málefnum sýslubúa á sem hagkvæmasta hátt.

Ágúst var einn af þessum gömlu góðu sýsluskrifurum, sem lagði alla sína krafta fram, til þess að leysa vel af hendi starf sitt. Enda mun honum hafa tekist það, þótt strangar kröfur væru gerðar. — Ágúst gekk í Latínuskólann, en hætti námi og gjörðist sýsluskrifari hjá föður sínum, Blöndal sýslumanni á Kornsa. Hann varð síðan sýsluskrifari nálæga alla æfi, fyrst í Húnavatnssýslu, þar næst í Strandasýslu og síðan á Seyðisfirði; fyrst hjá Jóhannesi Jóhannessyni bæjarfógeta, mági sínum, nokkur ár, en síðar, nálæga 20 ár, hjá Ara Arnalds bæjarfógeta. — Ágúst hafði framúrskarandi fagra rithönd. Einhverju sinni var deilt um það í Stjórnarráðinu, hver sýsluskrifaranna á landinu hefði fegursta rithönd. Deilan, (þótt ekki væri hún alvarleg), var leyst með þriggja manna nefnd. Í nefndinni voru Eggert Briem, Indriði Einarsson og Klemens Jónsson. Úrskurður



þeirra hljóðaði svo: Fegurst rithönd Ágústs, en læsilegust rithönd Benedikts frá Auðnum.

Ágúst var fríður yfirlitum, snarleg augu, liðugur í hreyfingum, enda leikfimismaður á yngri árum. Hann hafði jafnan góða skapgerð, gat verið nokkuð ör, og var hreinn og beinn, hver sem í hlut átti. Hann var hrókur alls fagnaðar, söngelskur og söngmaður góður á yngri árum.

Ágúst var kvæntur Ólafíu Theódórsdóttur frá Þórðeyri, mestu ágætiskonu, sem andaðist fáum árum á undan honum. Var heimili þeirra friðsamlegt, þrýðilegt umgengni. Gestrisnin ríkti þar, þótt erfiðar ástæður væru, því sýsluskrifarastarfið var illa launað framan af, alt til 1920. — Þau hjón eignuðust mörg börn, öll FRAMH. Á BLS. 10.

Nokkur minningarorð um Jóhann Þórðarson


Fyrir nokkrum dögum síðan barst frá útlöndum andlátsfregn Jóhanns Þórðarsonar.

Hann var sonur hjónanna Jóhönnu Eiríksdóttur og Þórðar Jóhannssonar, sem allan sinn búskap hafa verið á Lauga veg 92 hjer í bæ. Átti Jóhann þar heima allan sinn aldur, að undanskildum 2 árum, sem hann hefir dvalið í Kaupmannahöfn. Jóhann var fæddur 3. júlí 1919 og var hann því 22 ára, er hann ljest 20. febrúar s. l.

Hann er dáinn hann „Jói“, en svo var hann jafnan kallaður meðal ættingja og vina. Þessi þrúði og myndarlegi piltur, sem með hógværd og snyrtimensku sinni, vann traust allra, sem hann umgekt.

Við skiljum ekki þann skapadóm, þegar menn á besta aldurskeiði hverfa svo fljótt sjónum vorum, og við spyrjum sjálfa oss, hvers vegna þurfti einmitt hann að falla svo fljótt, en það stóðar ekki að spyrja, því eina svarið verður þetta, er hann, sem öllu ræður, gaf: „Nú skilur þú ekki það, sem fram við þig kemur, en seinna munt þú skilja það“.

Jóhann heitinn sigldi til Hafnar, eins og fyr segir, fyrir 2 árum, og hugðist hann að fullnema sig í garðrækt, svo sem hugur hans hneigðist til. Þetta nám varð ekki langt, því nokkru eftir að hann kom til Hafnar, fekk hann meinsemd í annan fótinn, með þeim afleiðingum að fótinn varð að taka af honum um mitt læri. Þetta virtist þó ætla að ganga vonum fram- ar, og eftir að hann var laus af



sjúkrahúsinu, hugðist hann með óbilandi kjarki og viljafestu að taka fyrir annað nám, sem skapaði honum heppilegri lífsskilyrði. Þessi von náði ekki að rætast.

Hver dauðaorsökin hefir verið er ekki kunnugt, en trúlegt er að meinsemdin hafi tekið sig upp, og hefir hann nú, fjarri ættingjum og vinum, orðið að lúta valdi dauðans. Við beygjum höfuð vor, með innilegri hluttekningu til systkina ættingja og vina hins látna og biðjum huggunar og blessunar foreldrunum, sem þráðu svo mjög að hafa nánara samband við soninn elskulega, í hans erfiðu raun.

Nú hefir hann kvatt þennan heim. Við horfum yfir hafið, það hyllir undir land. Sannfærð um það, að hann í gullnum geislum, þess lands, hefir fundið, meðal horfinna vina, þau blóm, sem hann þráði og leitaði að hjer á vorri jörð.

M. S.

Sólveig Björnsdóttir frá Grafarholti

Hún ljest eftir langa og erfiða sjúkdómslegu 2. jan. s. l.

Sólveig var fædd í Reykjavík 18. nóvember 1886.

Foreldrar hennar voru þau merkishjónin Björn Bjarnarson, hreppstjóri í Grafarholti og kona hans Krístrún Eyjólfsdóttir, bónda og hómópata Þorsteinssonar að Stuðlum í Reyðarfirði og síðari konu hans Guðrúnar Jónsdóttur Pálssonar gullsmiðs, Sveinssonar prests í Goðdölum.

En foreldrar Björns eldra í Grafarholti voru Björn Eyvindsson bóndi í Vatnshorni í Skorradal og Sólveig Björnsdóttir, prests á Þingvöllum. Var Sólveig heitin eftir föðurömmu sinni.

Barn að aldri fluttist hún með foreldrum sínum að Reykjakoti í Mosfellssveit og þaðan að Gröf í sömu sveit. Eftir aldamótin byggði faðir hennar Grafarbæinn á nýjum stað, nær alfara vegi og vatnsbóli og nefndi hann þá Grafarholt. En við



þann stað var Sólveig af kunningjum kend æ síðan.

Við þennan stað tók hún miklu ástfóstri. Þar lifði hún fegursta skeið æfinnar í hópi ungra systkina, glaðra fjelagra og vina. — Og lífið var henni örhlátt. Hún var kona fríð sýnum vel á sig komin, høg svo af bar, vinföst og trygg í lund.

Ung stundaði hún nám í Kvennaskólanum í Reykjavík, FRAMH. Á BLS. 11.